

hann nú ætlar að taka sèr fyrir hendur, hefir konungsefnið ríkisstjórnina á hendi í nafni konungs.

1867.  
14. marz.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 14. marzmán. 1867.

### 13. Konungleg Auglýsing um ríkisstjórnina meðan konungur er í burtu á ferð til Englands. 14. marz.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Þareð Vér sökum veikinda Vorrar ástkæru dóttur, hennar konunglegu tignar prinsessunnar af Wales, tókum Oss í kvöld fyrir hendur ferð til Englands, höfum Vér í dag staðfest lög, sem ríkisþingið hefir fallizt á, um ríkisstjórnina í þessari fjærveru Vorri. Samkvæmt þessu kunnngjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vor ástkæri sonur, hans konunglega tign Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, konungsefni, tekst frá því í kvöld á hendur ríkisstjórnina í Voru nafni.

### 14. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi. 22. marz.

Til alþingis þess, er haldið var 1865, kom bænarskrá frá 212 búendum í Mýra-sýslu um löggilding kaupsins á Borgarnesi við Brákarpoll í tæðri sýslu. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögskipaðan hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá um það og bað í henni um;

- 1) að löggilt yrði kaupsin á Borgarnesi við Brákarpoll í Borgarhreppi í Mýra-sýslu; og til vara:
- 2) að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi verði leyft að koma þar og verzla með alls konar vörur af skipi.

Bænarskrá þessi er prentuð í „Tíðindum frá alþingi“ 1865, II., 371 — 374 bls.

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um málið verið því yfir höfuð að tala mótmæltur, að fleiri kaupsin verði löggilt, af því að það verði

1867.

22. marz.

til að dreifa verzluninni, en það sé kaupmönnum til hnekkis og landsmönnum til engra nota. Því til sönnunar hefir hann tekið fram, að einu leytinu, að jafnaðarlega sé ekki verzláð á verzlunarstöðunum nema á sumrin, því allan hinn hluta ársins sé engar nauðsynjavörur þar til, og á allfestum af kauptúnunum þeim, sem löggilt hafa verið um hin síðustu 20 ár, sé alls ekki búið að stofnsetja neina fasta verzlun; að öðru leytinu, að opið bréf 19. maímán. 1854 leyfi fasta-kaupmönnum að sigla upp aðra stadi á landinu en hin löggiltu kauptún. Konungsfulltrúi hefir þar að auki skýrskotað til þess, að Mýrasýsla hafi nýlega fengið löggilt kauptún á Straumfirði, sem er nálægt Borgarnesi, og að hvortveggja sé svo nærri Reykjavík, að tvö kauptún geti ekki staðizt þar hvort við hliðina á öðru. Honum finnst því ekki vera nægar ástæður til að mæla fram með, að nýtt kauptún verði löggilt þar sem sókt er um, þó því ekki verði neitað, að Borgarnes sé mjög svo hentugur staður fyrir verzlun við búendur í syðri hluta Mýrasýslu og efri hluta Borgarfjarðarsýslu. Að minnsta kosti ætti að álitu konungsfulltrúa að fresta að löggilda þar kauptún, þangað til að einhver kaupmaður sækir um að mega stofna þar fasta verzlun, því að það er þegar komið meira en nóg af löggiltum kauptúnunum, sem kaupmenn að eins sigla upp.

Aptur á móti hefir amtmaðurinn yfir vesturumdæminu, sem skorað hafði verið á að láta uppi álit sitt um málefni þetta, mælt fram með hinu fyrra niðurlagsatriðinu í bænarskrá alþingis, og hefir hann sagt svo, að úr því að menn verði að kannast við, að Brákarpollur sé betur fallinn til kauptúns en bæði Straumfjörður og Lambhússund — en því til sönnunar hefir hann tekið fram, að öll sumarverzlunin við ströndurnar á Faxaflóa milli Reykjavíkur og Búða hafi farið fram hjá hinum síðar nefndu kauptúnunum og lent á Brákarpolli, og að ekki sé nærri því eins hægt fyrir Mýrasýslubúa að komast á Straumfjörð vegna mýranna, sem eru þar í kring, eins og á Brákarpoll — þá megi ekki hliðsjónin af tæðum verzlunarstöðum ráða úrslitum þessa máls. Að amtmannsins hyggju verður það heldur ekki álitid óþarft að koma upp kauptúni á Borgarnesi fyrir það, að leyft er í opnu bréfi 19. maímán. 1854 að verzlá utan kauptúna, því að leyfi það bætir að eins að nokkru leyti úr þörfum héraðsins til að fá fastan verzlunarstað.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið hafi óþinnis útaf samskonar bænarskrám frá alþingi um löggilding nýrra verzlunarstaða á Íslandi, látið það álit sitt í ljósi, að það mundi verða verzluninni til hnekkis, ef veitt væri takmarkalaust leyfi til að koma verzlunarstöðum á fót, og

1867.  
22. marz.

að þess vegna yrði í hvert skipti að ihuga, hvort að staður sá, sem rædt er um að löggilda, hafi þá kosti, sem verður að álita sjálfsagða, til þess að þar geti orðið kauptún að nokkru marki. Eptir því sem skýrt er frá í bænarskrá alþingis og álitsskjali amtmannsins í vesturumdæminu, má nú að stjórnarráðsins hyggju búast við, að kauptún geti komizt upp á þeim stað, sem hér er verið að ræða um, og því til sönnunar virðist það atvik einnig að vera, að þangað koma nú þegar 5 eða 6 kaupfór á ári hverju, þó að þau samkvæmt opnu bréfi 19. maímán. 1854 megi að eins kaupa íslenskan varning og selja tilteknar nauðsynjavörur, og nýlja vörur þær, sem innbúarnir hafa keypt á hinum löggildu verzlunarstöðum, til þeirra. Ekki virtist stjórnarráðinu heldur verða lögð nein áherzla á mótbáru þá, sem komið hafði verið með, að nýlega væri búið að löggilda kauptún í sömu sýslunni, á Straumfirði, því að raunin hefir orðið sú, að hann er ekki eins vel fallinn til að vera verzlunarstaður, og fyrir því má búast við, að ef Borgarnes verður löggilt, þá muni af því leiða, að öll verzlunin dragist þangað.

Samkvæmt þessu lét dómsmálastjórnin í ljósi þá skoðun sína, að ekki væri gildar ástæður til að neita adaluppástungu alþingis um, að kauptún yrði löggilt á opt nefndum stað, þar sem allir embættismenn, sem sagt hafa álit sitt um það, hafa mælt með því, nema konungsfulltrúi einn, en að hins vegar gæti ekki verið umtalsmál að fallast á varauppástungu alþingis, með því að það kæmi í bága við grundvallarregluna í verzlunarlögunum 15. aprílmán. 1854 að löggilda kauptún einasta til þess að sigla það upp eða til lausakaupverzlunar, og það þó að það væri einskorðað svo, að einungis vissir kaupmenn mætti sigla þangað.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allra-mildilegast þóknast að löggilda verzlunarstað á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýra sýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermán. 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagabodi og í lögum 15. aprílmán. 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 22. dag marzmán. 1867.